

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1068

Dagsetning: 6. maí 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HÞ), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Karl Á. Hjartarson, verkefnastjóri eigna- og innkaupa, og Jóhann Friðrik Haraldsson, leiðtogi fasteignaþjónustu, sátu fundinn undir lið 3.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 28. apríl 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Verkefni Upplýsingamiðstöðvar HH

Umræður um hlutverk Upplýsingamiðstöðvar HH tengt starfi umdæmislæknis sóttvarna, sem er eitt verkefna framkvæmdastjóra lækninga hjá HH. Einnig var rætt um bólusetningaráætlanir sem miðstöðin hefur unnið fyrir fólk á leið í ferðalög. Eins og ákveðið var af framkvæmdastjórn nýverið er þjónustan aðeins í boði fyrir þá sem skráðir eru á heilsugæslustöðvar HH. Ákveðið var að bjóða öðrum heilbrigðisstofnunum upp á að semja um að miðstöðin vinni áætlanir fyrir þeirra skjólstæðinga gegn því að stofnanirnar greiði eðlilegt verð fyrir vinnu starfsfólks HH, þar til í ljós er komið hvernig vinnsla slíkra áætlana verður í framtíðinni.

3. Húsnæðismál

Karl Á. Hjartarson, verkefnastjóri eigna- og innkaupa, og Jóhann Friðrik Haraldsson, leiðtogi fasteignaþjónustu, komu á fundinn til að ræða ýmis húsnæðismál. Upplýst var um niðurstöðu mælinga á myglu í húsnæði Geðheilsuteymis vestur við Skúlagötu og brýnni þörf á flutningi starfsmannar í nýtt húsnæði. Einnig var fjallað um fyrstu mælingar á loftgæðum og mögulegar rakaskemmdir í húsnæði skrifstofu HH við Álfabakka 16. Til stendur að gera frekari mælingar á ástandi húsnæðisins við Álfabakka.

4. Vottorð og Heilsuvera

Rætt var um erindi frá Heilbrigðisráðuneytinu, sérnámslæknum og starfsmanni Vinnuverndar vegna atvinnurekenda- og skólavottorða sem afgreidd eru í gegnum Heilsuveru.

5. Undirbúningur fyrir starfsmannafund

Farið var yfir þau mál sem ræða átti á annars vegar starfsmannafundi á skrifstofu og hins vegar fundi skrifstofustjóra, sem fara áttu fram í vikunni.

6. Fundur um stöðu mála

Rætt var um hvaða mál þurfi að fjalla um á aukafundi framkvæmdastjórnar 14. maí næstkomandi. Þar verður rætt um þau stóru mál sem framkvæmdastjórn er að vinna í, farið yfir stöðuna og næstu skref.

Aðgerðir og verkefni

- Skoða þarf aðkomu Upplýsingamiðstöðvar HH í sóttvarnarmálum með tilliti til sóttvarnalaga, sjá lið 2.
Ábyrgð: NSK
- Vinna þarf áfram í húsnæðismálum Geðheilsuteymis vestur, sjá lið 3.
Ábyrgð: HP
- Halda þarf áfram mælingum á húsnæði skrifstofu HH, sjá lið 3.
Ábyrgð: HP
- Vinna þarf svarbréf til heilbrigðisráðuneytið og senda, sjá lið 4.
Ábyrgð: RÓE

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:30